

Fræðsluþættir frá Geðhjálp

Umræða um eiturlyfjamál

Lesendur góðir.

Mikil reiði virðist hafa gripið landsmenn að undanfögnu vegna umræðna um eiturlyf. Fundir eru haldnir og þingmenn þjóðarinnar bera fram tillögur um að skipa eina nefndina enn, til að gera um það tillögur hvernig með þessi mál skuli fara. Mér er spurn hvað er eiginlega um að vera, hefur landsmönnum virkilega ekki verið þaf ljóst að eiturlyfjafaraldur hefur herjað á þetta land allar götur síðan 1967.

Förum aðeins yfir sögu mála

Árið 1968 birtist í Morgunblaðinu viðtali við Kristján Pétursson, deildarstjóra tollgæslu á Keflavíkurflugvelli. Þar lýsir hann ástandi eiturlyfjamála og segir hvernig þróun mála verði ef ekkert verði að gert. Kristján taldi að um fjögur þúsund ungmenna hefðu ánetjast þeim eiturlyfjum sem þá voru í umferð, sem sagt hass, maríjúana og allskyns lyf fengin hjá læknum og misnotuð og önnur ólöglega flutt inn í landið. Kristján sagði: „Ef við tökum ekki strax í taumana með ströngu aðhaldi, þá munu önnur og sterkari efni koma á eftir og aldur neytenda færast neðar. En þeir voru flestir á aldrinum 18–20 ára.“ Kristján bendir á það í þessu blaðaviðtali, að ýmsar leiðir séu til úrbóta, og nefnir nokkur atriði. Hvað gerðu svo ráðamenn? Svar ekkert. Vitað var að þeir töluðu

um að Kristján væri að gera lítið mál að stóru, við værum eyja úti í Atlantshafi og engin ástæða til að hafa áhyggjur, eiturlyf næðu aldrei að festa rætur á Íslandi, og meira að segja var fólk talin trú um að Kristján væri að vekja á sjálfum sér athygli. Mikil var heimska manna.

Hver varð þróunin eftir 1968

Árið 1972 fer að bera á að í umferð er LSD, sem er ofskynjunarlyf og var notað við lækningu geðsjúklinga, en fljótlega hættu læknar að nota það þegar ljós varð sú hættu sem fylgdi lyfinu. Efnid sem hér hefur verið í umferð líkist límbandi (glært) mjög litlar þynnur, og er stórhættulegt, fóru mörg ungmenni illa út úr því að nota LSD. Árið 1974 fer svo að bera á kókaini, sem var í byrjun aðallega notað af þeim sem höfðu auraráð, voru betur klædd en hassreykingamenn. Kókain lítur út eins og hvítur sykur, og þótti mikið fint að hafa aðgang að því efni. Eftir 1974 eru flest þau efni sem eru á boðstólum erlendis komin til landsins, þar með talið heróín. Mörg fleiri og hættuleg eiturlyf en ég hef talið upp hafa verið í umferð á þessum árum sem alltof langt yrði að telja, en þau sem ég hef talið um, hass, LSD og kókain, hafa orðið hvað vinsælust, ekki má gleyma amfetamíninu sem mikið er smyglað til landsins og hefur verið mjög vinsælt. Neyt-

endum fjólgar óhuganlega og vitad er um börn allt niður í 11 ára sem nota eiturlyf. Þróunin er orðin alveg eins og Kristján Pétursson greindi frá.

Upplýsingar til almennings

Hvað hefur verið gert til að koma upplýsingum um vaxandi eiturlyfjaneyslu til landsmanna? Blöðin hafa af og til skrifað um þessi mál, þó mest hafi sennilega verið fjallað um þau á síðum Morgunblaðsins, útvarpsþættir hafa verið gerðir um neyslu, rætt við neytendur og sölumenn eiturlyfja og þeir viðurkennt fyrir alþjóð sölu og dreifingu á eiturlyfjum í kílóavis, ennfremur rætt við þá sem best þekkja til mála, þeir hafa bent á ýmsar leiðir til úrbóta, en alltaf talað fyrir daufum eyrum. Nokkur fræðsla hefur farið fram í grunnskólum. Lítið hefur farið fyrir áhuga sjónvarpsins, nema ef undan er skilinn þáttur sem var í kastljósi í umsjón Sigurveigar Jónsdóttur, góður þáttur sem vakti mikla athygli, enda veigar Jónsdóttur, góður þáttur sem vakti mikla athygli, enda unninn af skilningi og tillitssemi, hafi Sigurveig hjartans þakkir fyrir. Ég setla að nefna fund sem Orator, félag laganema, hélt, mjög merkilegur fundur um eiturlyf. Fundurinn var merkilegur fyrir það að fundarmenn voru flestir neytendur og sölumenn eiturlyfja, sem mættir voru til að brúka kjaft við frummælendur sem voru Kristján Pétursson og Ásgeir Friðjónsson fíkniefnadómari.

Fíkniefnalögregla

Í þeim umræðum manna á meðal að undanfögnu hefur fólk gagnrýnt fíkniefnalögreglu og spurt hvers vegna hún geri ekkert. Ég fullyrði að þetta er ósanngjörn gagnrýni. Í fíkniefnadeild vinna margir góðir og áhugasamir

menn, sem gera allt sem þeir geta til að upplýsa eiturlyfjamál, deildin hefur misst marga góða menn sem hreinlega hafa gefist upp vegna áhugaleysis ráðamanna. En til þess að fíkniefnadeild geti unnið eins og menn vildu vinna, verður að fjölga starfsmönnum, þetta eru menn sem eru á ferðinni allan sólarhringinn. Það gengur ekki að nota lögreglu sem sinnir almennri gæslu, eftirlit á nóttunni, borga fyrir upplýsingar, auka tollgæslu, fleiri hunda, því þeir sem fyrir eru hafa sannað ágæti sitt og eru illa séðir af sölumönnum. Við þurfum að koma upplýsingum ef við verðum vör við eiturlyfjamisferli, þá er að hringja í svarsíma fíkniefnalögreglu, síminn er 14377. Þið þurfið ekki að gefa upp nafn. Ég skora á dagblöðin að hafa símanúmer deildarinnar á áberandi stað. Það er min skoðun að óþarfi sé að skipa nefnd til að skoða þessi mál, þau eru staðreynd. Fíkniefnalögregla veit hvað þarf til að auka eftirlit og upplýsa eiturlyfjamál, tillögur þeirra liggja í dómsmálaráðuneytinu.

Lokaorð

Ef við erum sammála um að eiturlyfjaneysla sé alvarlegt mál skulum við standa saman, því hve illa er fyrir okkur komið er okkur öllum að kenna, við erum og eignum að bera ábyrgð. Í fræðsluþætti Geðhjálpar munu innan skamms birtast frásagnir frá þeim sem hafa lent í höndunum á eiturlyfjasöllum og frásagnir frá foreldrum, reynsla þeirra sumra er óhugnanleg. Stöndum vörð um æsku þessa lands. Þau eiga að erfa landið. Við erum að fást við eiturlyf og sölumenn dauðans, þeir svifast einskis, því miklir peningar eru í boði þar sem er sala á eiturlyfjum og kaupendur margir.

Kveðja, Andrea.

Heilræði vikunnar: Verum ákveðin.